

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag verslunar- og þjónustulóða í Garðabæ.

*Miðbær Garðabæjar, neðsta svæði, Sveinatungureitur.*

Tillagan nær til 1,8 ha svæðis við gatnamót Hafnarfjarðarveggar og Vífilstaðavegar að austanverðu en á því svæði stóðu áður húsin Sveinatunga og Goðatún 4-6.

Tillagan gerir ráð fyrir 14.130 m<sup>2</sup> lóð verslunarmiðstöðar (Litlatún 3) og 2.260 m<sup>2</sup> lóð bensínstöðvar (Litlatún 1). Á lóð verslunarmiðstöðvarinnar verður leyfilegt að byggja allt að 5.300 m<sup>2</sup> verslunarhús og mesta leyfilega hæð húss yrði 6,5 m yfir gólfkóta þ.e. í kóta 27 m yfir sjávarmáli. Bifreiðastæði verða 255, að hluta til á tveimur plönnum. Á lóð bensínstöðvar verði gert ráð fyrir 500 m<sup>2</sup> þjónustuhúsi auk skyggis. Hámarkshæð bensínstöðvarhúss verði 4 m þ.e. í kóta 30 m yfir sjávarmáli.

Meginaðkoma verður frá Vífilstaðavegi um Litlatún.

Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. júní sl. og tekur hér með gildi.

*Garðabæ, 21. júní 2007.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson**, skipulagsstjóri Garðabæjar.